

Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar 2012

Haldinn að Jaðri 28.nóvember kl. 20:00

Sigmundur Ófeigsson setti fundinn og bauð félagi velkomna.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla formanns.
3. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
4. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
5. Umræða og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar ef einhverjar eru.
6. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn – Kosning í nefndir á vegum klúbbsins.
7. Tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Önnur mál

1. Kosning fundarstjóra og ritara.

Fundarstjóri var kosinn Tryggvi Gunnarsson og ritari Ingi Torfi Sverrisson.

2 . Skýrsla formanns.

Sigmundur Ófeigsson las skýrslu stjórnar og er vitnað til hennar sérprentaðrar.

3. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.

Guðlaug Óskarsdóttir gjaldkeri tók til máls. Viðburðarríkt ár þar sem farið var í miklar framkvæmdir úti sem inni og bera reikningar klúbbsins þess glöggt merki. Guðlaug bendir á breytingar á uppsetningu í ársreikningi sem draga betur fram lykilstærðir í rekstrinum, sem áður komu fram í skýringum. Þannig koma nú helstu tekju- og útgjaldaliðir fram í rekstrarreikningnum sjálfum. Ekki tókst að auka félagafjöldann á árinu, innheimtur félagsgjalda hækka þó um tæpa 1 milljón. Tekjur af mótum og vallargjöld standa nánast í stað sem væntanlega má rekja það til þess að völlum var opnaður fremur seint. Rekstrarstyrkur Akureyrarbæjar hefur staðið í stað í krónutölu frá árinu 2007 og er í raun lægri

en árið 2002, sem gerir reksturinn erfiðari með hverju árinu sem líður. Sjá má veltuaukningu milli ára um 4 milljónir, með 2 mánaða styttri golftíma sem teljast megi góður árangur. Útgjaldaliðir hækkaði um 444 þús. á milli ára. Mótahald og þátttaka í mótum hækkar lítillega milli ára. Gjöld vegna golfverslunar, skrifstofu og móttöku lækkuðu lítillega á milli ára. Varðandi fjármagnsliði eru litlar breytingar í heild sinni á milli ára. Samtals er því tap ársins um 1,4 milljón, sem er betri afkoma en árið áður. Verðmæti fastafjármuna lækkar um tæplega 1 milljón. Veltufjármunir lækka á milli ára um 2,2 milljónir. Eigið fé GA lækkar sem nemur tapi ársins og er nú um 1,4 milljón. Langtímaskuldir eru um 14 milljónir, en það er að stærstum hluta eftirstöðvar 20 milljón króna láni sem var tekið í lok árs 2011. Skammtímaskuldir hækka um 1 milljón. Skýringar á því eru framangreindar framkvæmdir sem ráðist var í á árinu og þeirri staðreynd að klúbburinn er tekjulaus hluta úr árinu og þarf þess vegna að treysta á skammtímafjármögnun hluta úr ári. Markmið komandi ára er að minnka þessa fjárþörf.

4. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.

Fyrirspurn barst úr sal þar sem spurt var um skammtíma skuldir upp á 9 m.kr. Jón Steindór skýrði út að þær væru tilkomnar vegna framkvæmda við 10. Flöt vallarins. Engar frekari fyrirspurnir bárust.

5. Umræða og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar ef einhverjar eru.

Engar tillögur um lagabreytingar voru lagðar fram.

6. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn – Kosning í nefndir á vegum klúbbsins.

Fundarstjóri spurði hvort einhverjar fleiri tilnefningar væru aðrar en þær sem koma frá uppstillinganefnd, en svo var ekki. Tillaga uppstillingarnefndar um stjórn er :

Aðalstjórn:

Formaður: Sigmundur Ófeigsson
Varaformaður: Jón Steindór Árnason.
Ritari: Ingi Torfi Sverrisson
Gjaldkeri: Guðlaug Óskarsdóttir
Meðstjórnandi: Örn Viðar Arnarson

Tillagan samþykkt samhljóða.

Varamenn í stjórn.

1. Varamaður Sigurður Skúli Eyjólfsson.
2. Varamaður Eygló Birgisdóttir.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Vallarnefnd : (GSÍ)

Formaður: Örn Viðar Arnarson
Sverrir Þorvaldsson
Heimir Jóhannsson
Jón Hansen
Bjarni Þórhallsson
Þórunn Haraldsdóttir
Framkvæmdastjóri GA
Vallastjóri GA

Kappleikjanefnd : (GSÍ)

Formaður: Brynja Herborg Jónsdóttir
Haraldur Bjarnason
Skrifstofa GA

Forgjafarnefnd (GSÍ)

Formaður: Stefán Jónsson
Eiður Stefánsson
Fylkir Þór Guðmundsson

Aganefnd : (GSÍ)

Formaður: Björn Axelsson
Jón Halldórsson
Svanhvít Ragnarsdóttir

Í þessar GSÍ nefndir þarf að kjósa á aðalfundi og voru þessar tilnefningar samþykktar samhljóða.

Afreksnefnd og unglínganefnd:

Formaður: Skúli Eyjólfsson
Ingi Torfi Sverrisson
Anton Ingi Þorsteinsson
Árni Jónsson
Framkvæmdastjóri GA
Golfkennari GA

Foreldraráð:

Anna Einarsdóttir
Aníta Jónsdóttir
Harpa Hafbergsdóttir
Rut Jónsdóttir
Tómas Ólafsson

Nýliðanefnd :

Formaður: Karl Guðmundsson
Hermann Haraldsson
Jakobína Elín Áskelsdóttir
Guðrún Harðardóttir

Artic Open :

Formaður: Ingi Steinar Ellertsson
Eygló Birgisdóttir
John Júlíus Cariglia
Halla Sif Svavarsdóttir
Jón Egill Gíslason
Framkvæmdastjóri GA

Markaðs og kynningarnefnd:

Jón Steindór Árnason
Jóhann Heiðar Jónsson
Framkvæmdastjóri GA

Öldunganefnd:

Haraldur Júlíusson
Þórunn Anna Haraldsdóttir
Hafberg Svansson

Húsnefnd:

Þorsteinn Konráðsson
Jón Vídalín Ólafsson
Baldur Ingi Karlsson
Ingólfur Bragason

Orðunefnd:

Guðlaug María Óskarsdóttir
Halla Sif Svavarsdóttir
Framkvæmdastjóri GA

7. Tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs.

Lögð var fram tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs og er hún eftirfarandi:

FÉLAGAHÓPUR	UPPHÆÐ
Fullorðnir einstaklingar*	74.000 kr.
Nýliðar**	55.000 kr.
67 ára og eldri	49.500 kr.
17-20 ára	39.500 kr,
15 – 16 ára	32.500 kr.
14 ára og yngri	30.000 kr.

* Hjónaafsláttur er 10%

* Námsmenn 21-25 ára í fullu námi, lánshæfu hjá LÍN, geta sótt um að greiða sérgjald, 46.000 kr.

** Nýliðar eru einstaklingar sem ekki hafa skráða forgjöf og hafa ekki áður verið skráðir í golfklúbb innan GSÍ

Systkinaafsláttur 25% er veittur ef systkini, tvö eða fleiri eru meðlimir í GA. Fyrsta barn greiðir fullt árgjald. Þetta gildir fyrir börn og unglunga undir 18 ára aldri.

Fyrirspurn barst úr sal hvort ekki væri hugmyndir uppi um að lækka félagsgjald fyrir öryrkja. Sigmundur svarði því svo að 60% tekna væru félagsgjöld og að stjórn teldi að almennt væri félagsgjöldum stillt í hóf. Þjónustan hefði verið bætt með betri inniaðstöðu sem ekki er rukkað fyrir. Mat stjórnar að verðskrá sé nokkuð sanngjörn. Bætt var við auka afslætti þar sem tvö eða fleiri börn eru í fjölskyldu.

8. Kosning endurskoðenda.

Skoðunarmenn ársreikninga voru síðan kosnir Sveinn Pálsson og John Júlíus Cariglia.

9. Önnur mál.

Guðlaug og Halla komu fram fyrir hönd orðunefndar og veitti viðurkenningar GA

Holumeistari GA: 1. Stefán Sigmundsson.

Háttvísis bikar GSÍ: Kjartan Atli Ísleifsson

Kylfingur ársins: Örvar Samúelsson

Gullmerki GA: Sigurður Stefánsson.

Silfurmerki GA: Gunnar Vigfússon.

Silfurmerki GA: Magnús Ingólfsson.

Nýr framkvæmdastjóri, Ágúst Jensson, tekur til máls og kynnir áætlun næsta árs sem dreift er til viðstaddra. 7% hækkun gjalda. Stefnan sett á að auka fjölda meðlima um 30 manns. Hófsöm hækkun um styrk Akureyrarbæjar. Tekjur á mótum hækka og þá helst í kringum Arctic open. Vallargjöld hækka með vonandi betra tíðarfari. Lækkun vegna reksturs golfverslunar þar sem fyrirhugaðar eru breytingar. Hækkun á gjöldum v. vallar. Rekstur mannvirkja hækkar vegna hitaveitu. Þjálfun og kennsla hækkar og aðallega vegna ferðar til Spánar. Gjaldaliður lækki í mótahaldi. Aukið eftirlit á vellinum og ræsar. Hugmynd er að fá Securitas til þess að annast vallareftirlit í sumar. Það er í skoðun. EBITDA helst svipuð milli ára. Geri ráð fyrir 3 % hækkun milli ára og auknum félagafjölda. 2016 ætlum við að halda landsmót og þá hækka tekjur og gjöld. 2019 er langtíma lánið komið niður í 0 kr. Tækjafloki er orðinn gamall, tækjakaup næsta árs eru 17 m.kr. sem greidd eru á 5 árum.

Fyrirspurn barst úr sal hvort að meðlimir klúbbsins væru að greiða fyrir þjálfun barna og unglunga. Í svörum framkvæmdastjóra kom fram rekstrarstyrkur Akureyrarbæjar tekur mið af starfi klúbbsins við börnin og því nauðsynlegt að hlúa vel að því starfi og því væri lítið sem ekkert verið að greiða með unglunga og afreksstarfi.

Nokkur umræða skapaðist um hve langan tíma tæki að spila í mótum eða allt að fimm og hálf klukkustund. Framkvæmdastjóri segir það þekkt vandamál um allan heim en með bættu eftirliti þá gæti þetta minnkað.

Spurt var hvort fyrirhugað væri að leggja dúka á flatir. Niðurstaða var að ekki yrðu keyptir dúkar að svo stöddu en skoðaðar yrðu aðrar aðferðir.

Kvennanefnd tekur til máls og veitir Höllu Sif þakklætisvotti fyrir vel unnin störf.

Tryggvi Gunnarsson fyrir hönd Íþróttaráðs Akureyrarbæjar þakkar höllu fyrir gott samstarf og býður Ágúst velkominn til starfa.

Sigmundur slítur fundinum. Kemur að því að mjög óeigingjarnt starf hafi verið unnið í standsetningu inniaðstöðu og mikilvægi þess að hafa slíka aðstöðu. Vill formaður að stofnuð verði nefnd um 80 ára afmæli GA 2015. Auk þess að stofnuð verði nefnd til að endurskoða lög GA.

Fundastjóri bað þess að fundarritari gæti skilaði fundargerð síðar.

Fundargestir 75

Fundi slitið kl. 21:15

Ingi Torfi Sverrisson